

Fjölmargin hefur áunnist nú rúmlega tveim árum eftir að menntamálaráðherra kynnti stefnu sína í upplýsingatækni í ritinu *Í krafti upplýsinga*. Þar er að finna tillögur menntamálaráðuneytisins um nýtingu upplýsingatækni í þágu mennta og menningar. Hér verða helstu verkefni á þessu sviði kynnt.

- Við gerð nýrra aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla er gert ráð fyrir beitingu upplýsingatækni í skólasterfi og nýjum fögum á því sviði. Einnig er gert ráð fyrir nýrri tæknibraut á framhaldsskólastigi.
- Ráðherra hefur skipað nefnd til að gera tillögur um stofnun nýrrar kennslumiðstöðvar. Henni er m.a. ætlað að veita skóla-kerfinu hvers konar stuðning við uppbyggingu upplýsingatækni í skólasterfi. Gert er ráð fyrir að kennslumiðstöð taki til starfa snemma á næsta ári.
- Ákveðið hefur verið að halda tveggja daga

ráðstefnu um notkun upplýsingatækni í skólasterfi í febrúar nk.

Tölvubúnaður

Sérstök verkáætlun Námsgagnastofnunar í tengslum við framkvæmd upplýsingastefnunnar liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að verja 43 m.kr. til útgáfu á kennsluhugbúnaði á árinu 1999. Þá hefur 8 m.kr. styrkur verið veittur úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til verkefna á sviði upplýsingatæknimála.

- Samningar standa yfir við Microsoft um íslenskun á hugbúnaði frá fyrirtækinu. Gert er ráð fyrir að íslensk stjórnvöld stuðli að fjárhagslegum grundvelli verkefnisins með átaki er miði að því að draga úr ólög-

legri notkun hugbúnaðar.

- Fenginn hefur verið hópur sérfræðinga til að að fjalla um tungutækni. Þeim er m.a. ætlað að fjalla um stöðu mála hér á landi, tölvulestur, staðla og letur, þýðingar, leit í erlendum gagnabönkum, tölvutal og tölvuheyrn, texta í tal og tal í texta.

Sérmenntun og símenntun kennara á sviði upplýsingatækni.

- Starfshópur um átak á sviði upplýsingatækni í Kennaraháskóla Íslands hefur skil- að verkáætlun fyrir 1999.
- Kennaraháskólinn býður 15 eininga námsbraut í framhaldsdeild í tölvu- og upplýsingatækni. Sextán nemendur eru í náminu sem er að mestu leyti fjarnám og hófst haustið 1998.
- Samningur var gerður við Rafiðnaðarskólann um tölvunám fyrir 36 framhaldsskólakennara á árinu 1998.
- Meistaránám í tölvunarfræði við HÍ hófst á haustönn 1998.
- Viðskiptaháskólinn í Reykjavík býður BS nám í tölvufræði. Þessu fylgir veruleg fjölgun nemenda í námi tengdu upplýsingatækni. Ríkið greiðir meginhluta kennslukostnaðar.
- Háskólinn á Akureyri býður BS nám í tölvu- og upplýsingatækni sem hófst á haustönn 1998. Miðað er við að 15 nemendur verði í hverjum árgangi.
- Undirbúningur er hafinn að námskeiðum fyrir starfsfólk í skólasöfnum sem Endurmenntunarstofnun KHÍ mun annast.

Rannsóknir og tilraunaverkefni

- Ákveðið hefur verið að veita verkefnum á sviði



Ljóm. Bárta

Menntamálaráðherra hélt blaðamannafund og kynnti í lok október sl. hvernig unnið hefur verið að því að framkvæma verkefnaáætlun sem ráðherra birti í upphafi kjörtímabilsins í ritinu *Menning og menntun - forsenda framtíðar*. Verkefnaáætlunin vakti athygli á sínum tíma sem nýjung í starfi ráðherra. Þar eru nefnd 59 skýr markmið og hefur nú verið tekið saman yfirlit yfir hvaða árangur hefur náðst fyrir hvert þessara markmiða. Birtist árangurinn á heimasíðu ráðuneytisins. Á blaðamannafundinum kynnti ráðherra einnig nýtt útlit á heimasíðu ráðuneytisins. Á myndinni, sem var tekin við það tækisferi, eru frá hægri Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri og ritstjóri heimasíðunnar, Björn Þór Jónsson verkefnaráðinn til að endurskipuleggja heimasíðuna, Ásdís Halla Bragadóttir aðstoðarmaður ráðherra, Hanna Dóra Másdóttir vinnur við heimasíðuna og Pétur K. Hlöðversson deildarstjóri tæknideildar.

upplýsingatækni forgang í þróunarsjóðum grunn- og framhaldsskóla. Fjárveitingar á þessum grundvelli hafa þegar farið fram.

- Þrjú grunnskólar og þrjú framhaldsskólar hafa verið valdir til að verða þróunarskólar í upplýsingatækni. Þessum skólum er ætlað að verða leiðandi um notkun upplýsingatækni í kennslu og skólastarfi. Skólarnir eru Fjölbautaskóli Suðurlands, Ármúla-skóli, Menntaskólinn á Akureyri, Grunnskóli Stokkseyrar og Eyrarbakka, Árbæjar-skóli í Reykjavík og Varmalandsskóli í Borgarbyggð.

- Rannsóknarráð Íslands hefur að frumkvæði menntamálaráðherra unnið markáætlun um rannsóknir á sviði upplýsingatækni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir framkvæmd þessarar áætlunar og gerir ráð fyrir að veita 580 m.kr. til rannsókna og þróunar á sviði upplýsingatækni og umhverfismála á tímabilinu frá 1998-2004.

- Unnið er að þarfagreiningu fyrir þekkingarvef um menntamál sem gert er ráð fyrir að verði settur upp í tengslum við Íslenska menntanetið.

- Samstarf við Skýrslutæknifélagið um s.k. tölvuökuskírteini (Computer Driving License) er í undirbúningi. Um er að ræða fjölbjóðlegt samræmt próf í notkun tölvu. Stefnt er að því að framhaldsskólar annist kennslu og próftöku er miði að því að nemendur geti fengið umrædd skírteini.

Fjarnám og fjarvinnsla

Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur unnið brautryðjendastarf í fjarkennslu og er nú unnið að því að endurskipuleggja hana. Lagður hefur verið grunnur að því að fjarnám verði fastur liður í skólastarfinu frá næstu áramótum.

- Unnið hefur verið að því að móta starfsramma fjarnáms, m.a. hvað varðar kjör

þeirra sem starfa við fjarkennslu.

- Háskóli Íslands hefur í samstarfi við Fræðslunet Austurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hafið tilraunir með fjarnám. Kennnd eru námskeið í ferðamálafræði auk endurmenntunarnámskeiða í spænsku og viðskiptafræðum.

- Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands hafa gert með sér samning um þróun fjarnáms.

- Kennaraháskóli Íslands býður 56 námskeið í grunnnámi kennara auk fjölda námskeiða í framhaldsnámi og endurmenntun.

- Háskólinn á Akureyri býður nemendum búsettum á Ísafirði upp á hjúkrunarnám í fjarkennslu. Níu nemendur sækja námið frá Ísafirði á haustönn 1998. Við námið er beitt fjarfundatækni og almennum netsamskiptum.

- Háskólinn á Akureyri býður rekstrarfræðinám í samvinnu við Fræðslunet Austurlands.

- Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri hafa tekið upp samkenntu í nokkrum greinum. Markmiðið er að samnýta kennara skólanna við kennslu fámennra námskeiða.

Menningarmál

- Skipuð var nefnd um val á nýju bókasafnskerfi sem ætlað er að gera tillögur um val á nýju bókasafnskerfi sem hentað getur fyrir

öll bókasöfn í landinu, þ.m.t. almenningsbókasöfn, skólasöfn, rannsóknabókasöfn og Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn.

- Menningarnet Íslands www.mening.is, hefur tekið til starfa.

- Nefnd um varðveislu rafrænna gagna sem verða til í stjórnsýslunni hefur lokið störfum. Skýrslu hennar er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytis, www.mrn.stjr.is.

- Upplýsingamiðstöð myndlistar www.umm.is hefur opnað heimasíðu sem veitir aðgang að gagnagrunni sem geymir upplýsingar um íslenska myndlistarmenn, m.a. æviágrip þeirra og hundruð myndverka.

- Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur í samvinnu við Cornell-háskóla og með styrk frá Carnegie/Mellon Foundation unnið að því að færa á stafrænt form og gera aðgengileg á vefnum íslensk fornrit. Verkefnið gengur undir heitinu Saga net.

- Í samræmi við bráðbirgðaákvæði í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn hafa verið veittir styrkir til almenningsbókasafna vegna upplýsingatækni.

Stofnanir er starfa undir yfirstjórn ráðuneytisins hafa margar hverjar brugðist við stefnunni með því að veita auknu fé til uppbyggingar á sviði upplýsingatækni og hefur einnig verið unnin mikil undirbúningsvinna fyrir árið 1999 en þá er ráðgert að veita 135 m.kr. til verkefna á þessu sviði.

E F N I S Y F I R L I T

<i>Umtalsverður árangur</i>	1
<i>Varðveisla tölvugagna</i>	3
<i>Meiri samþætting og frjórri hugsun</i> ..	3
<i>Gjörbreytt löggjöf um tómstundastarf</i> ..	4
<i>Símenntun, skipun verkefnisstjórnar</i>	4
<i>Pappírslaus kenntu</i>	5
<i>Viðurkenning fyrir nýbreyttri í tungumálanámi</i>	6
<i>Úrskurðir og álitamál vegna skyldunáms</i>	6
<i>Starfstími í framhaldsskólum skólaárið 1997-1998</i>	7
<i>Tekið á málefnum barna með lesblindu</i>	8
<i>Tækifæri til að sækja tungumálanámskeið</i>	8
<i>Úrskurði um aga og brottrekstur úr grunnskóla</i>	9
<i>Ábyrgð í íþrótt- og tómstundastarfi</i>	10

<i>Samstarf eft á sviði safnamála</i>	10
<i>Ráðstefna um stjórnun menningarstofnana</i>	11
<i>Viðurkenningar veittar á degi íslenskerar tungu</i>	11
<i>Tónlist fyrir alla</i>	12
<i>Upplýsingamiðstöð myndlistar</i>	12
<i>Áhersluþættir Íslendinga í norrænu menningarstarfi</i>	12
<i>Tímamót í þjóðminjavörslu og starfi Þjóðminjasafns</i>	13
<i>Nýr rammi um útvarpsstarfsemi</i> ..	14
<i>Nýráðningar</i>	15
<i>Nýtt þjóðminjaráð</i>	15
<i>Átak í námsefniúgerð og endurmenntun</i>	16
<i>Leiðarljós starfsfólkes leikskóla um uppeldi og menntun</i>	16

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,

8. árg. 3. tbl. desember 1998

Ábyrgðarmaður: Guðrúnur Sigurðardóttir

Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir

Útlitshönnun: Fítón • hh

Útg. menntamálaráðuneytisð,

Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík

Netfang: postur@mrn.stjr.is

Veffang: www.mrn.stjr.is

Prentun: Steindórsprent Gutenberg

Varðveisla tölvugagna

Stjórnsýslan færir í átt til aukinnar pappírslausrar starfsemi og því er brýnt að koma upp í Þjóðskjalasafni aðstöðu til varðveislu tölvugagna, segir í skýrslu nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði, um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni. Nefndin fjallaði einnig um þörfina á því að tölvugögn verði gerð jafnréttá pappírsgögnum að lögum og telur slíkt forsendu þess að tækniþróunir á sviði rafrænnar skjalavörslu og skjalavinnslu nái fram að ganga.

Menntamálaráðherra skipaði nefndina sem hafði það hlutverk að gera tillögur að reglum um skil tölvugagna til Þjóðskjalasafns eða héraðskjalasafna, reglum um varðveislu tölvugagna hjá upphafs- aðila, geymsluform gagna, skilátíma, varðveisluskilyrði og hvernig búa skuli geymsluhúsnæði í Þjóðskjalasafni. Þá var nefndinni gert að gera áætlun um kostnað við að koma upp í Þjóðskjalasafni nauðsynlegri aðstöðu til geymslu tölvugagna.

Nefndin lauk starfi sínu 15. júlí sl. og skilaði skýrslu til menntamálaráðherra. Pétur Ásgeirsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti var formaður nefndarinnar. Auk hans sátu í nefndinni Bjarni Þórðarson fjármálastjóri í Þjóðskjalasafni, Kristjana Kristinsdóttir forstöðumaður skjalavörsluviðs Þjóðskjalasafns, Þóra Gylfadóttir bókasafnsfræðingur hjá Hagstofu Íslands, Jóhann Gunnarsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.

Skipaður hefur verið viðræðuhópur menntamálaráðuneytisins og Þjóðskjalasafns til að vinna áfram að málinu á grundvelli tillagna nefndarinnar.

Skýrslu nefndarinnar er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, www.mrn.stjr.is.

Meiri samþætting og frjórri hugsun



Ljós: Ingunn Þóra Magnúsdóttir

„Hugur minn stendur mjög til þess að Listaháskóli Íslands verði miðstöð framsækkinnar listsköpunar. Hann verði lifandi samfélag í tengslum við almenning og fólk eigi kost á að sækja þangað fjölbreytta fræðslu og listviðburði. Þar verði aðstaða til listflutnings, bæði fyrir tónlist og leiklist og aðstaða til hvers konar sýningahalds. Kennsla í listgreinum gerir miklar kröfur um húsrými. Auk hefðbundinnar kennslu aðstöðu þarf þarna m.a. að vera æfingaaðstaða fyrir tónlistarmenn, margs konar tækniverkstæði fyrir myndlistarmenn og hönnuði, æfingasaliir fyrir leiklist og dans og aðstaða fyrir bókasafn og tölvuver," segir Hjálmar H. Ragnarsson sem nýlega hefur verið ráðinn rektor hins nýja Listaháskóla.

Þar sem land og sjór mætast er fjölbreyttasta lífið

„Þetta verður nýr skóli á sjálfstæðum forsendum. Einn skóli á sama grunni undir sama þaki, og því vandadri undirbúningur því betri skóli. Við það eitt að listgreinarnar fari í sambúð mun listalífíð í landinu umbreytast á skömmum tíma. Þótt ekki væri nema fyrir það að þetta fólk sitji saman í kaffi á milli kennslustunda. Við sambúðina verður meiri samþætting og frjórri hugsun. Í fjörunni, þar sem land og sjór mætast, er fjölbreyttasta lífið."

Að skerpa sköpunargálfuna

„Þegar talað er um uppbyggingu til framtíðar er gjarnan vísað til mikilvægi skapandi hugsunar og nýsköpunar. Hvoru tveggja byggir á því að fólk hafi til að bera óheft ímyndunarafl en hafi um leið nægan sjálfsaga og þekkingu til þess að koma hugmyndum sínum í mót. Það er reyndar trú mín að hver og einn búi yfir einhvers konar sköpunarþörf og geti þjálfað með sér hæfileika til þess að nýta hana í verkum sínum. Hitt er svo annað mál hversu mikil hún er í hverju tilfalli og hvernig mönnum lærist að beita henni. Í mínum huga hlýtur listnám einmitt að hafa það markmið að aga hæfileika nemendanna á þessum sviðum og um leið að skerpa gáfu þeirra til frumlegra verka.

Þá skulum við einnig gera okkur grein fyrir því, að fólk með góða listþjálfun að baki getur nýst mjög vel á fleiri sviðum en í listsköpuninni sjálfri. Sífelli eru gerðar meiri kröfur til þess að fólk í hinum ýmsu störfum sýni meira áráði og frumkvæði í vinnu sinni og er reyndin er sú að listmenntað fólk er orðið efursótt til starfa vítt og breytt í atvinnulífínu."

„Það er von mín að nám í Listaháskóla eigi eftir að verða mjög efursótt og það verði keppikefli margra að komast þar inn. Ennþá á þó eftir að móta skólann sem eina heild og engar lokaákvæðanir hafa verið teknar um húsnæði. Í raun er skólinn í dag aðeins til sem hugmynd með fyrirheit um bjartari tíma í listmenntun og því nauðsynlegt að gefa mér og öðrum sem þarna koma að tíma og aðstöðu til þess að vinna að útfærslu og nauðsynlegri þróunarvinnu. Hingað til hafa menn aðallega rætt um nám á sviðum tónlistar, myndlistar og leiklistar en þó er ljóst að við uppbyggingu skólans þarf að gefa sérstakan gaum að frekari þróun hönnunarnáms og náms á sviði byggingalistar. Þá hefur sérstaklega verið um það rætt að Listdanskóli Íslands rýmist undir væng væntanlegs Listaháskóla og samræma þurfi kennaramenntun hinna ýmsu listgreina. Sú krafa hlýtur einnig að koma upp að hinn fræðilegi þáttur í listnámi verði eflur og skólinn verði setur fyrir rannsóknir í listasögu og listsköpun. Allt er þetta þó komið undir því að nægur velvelji fái hjá stjórnvöldum til þess að hrinda þessum verkefnum af stað og á því skapist almennur skilningur að nám og kennsla í listum á háskólastigi sé þjóðhagslega hagkvæm og menningarleg nauðsyn", segir Hjálmar að lokum.

Hjálmar H. Ragnarsson fyrsti rektor hins nýja Listaháskóla tekur við starfinu 1. janúar nk.

Gjörbreytt inntak í löggjöf um tómstundastarf

undir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Hins vegar hefur almenn löggjöf um æskulýðsmál ekki tekið mið af þessum breytingum öllum, þótt lög um barnaverndarmálefni,

Heildarstefnu hefur skort varðandi rétt barna til tómstundastarfs. Á þeim tæpu þremur áratugum, sem eru liðnir frá því að núgildandi æskulýðslög voru sett hafa miklar breytingar orðið á högum íslenskra barna og ungs fólks. Til-

skólastarf og fleiri slíka þætti hafi verið lögð að breyttum kröfum. Heildarstefnu hefur skort um rétt barna til tómstundastarfs og um það hvaða kröfur eigi að gera til þeirra, sem sinna slíku starfi.

Að ósk menntamálaráðherra hafa Guðný Björk Eydal og Helgi Grímsson tekið saman drög að frumvarpi til laga um tómstundastarf barna og frumvarpið verður ítarlega kynnt áður en það verður lagt fram í endanlegri gerð. Lögð hefur verið áhersla á að réttindi barna til tómstundastarfs, hafi skilgreint inntak, formlega umgjörð um atbeina opinberra aðila til þess að efla skipulagt tómstundastarf barna og kröfur til þeirra sem vinna með börnum í skipulögðu tómstundastarfi.

Af þessum áhersluatriðum má ráða að tillögurnar eru um gjörbreytt inntak í löggjöfinni. Í ræðu sem menntamálaráðherra flutti á ársfundi æskulýðs- íþrótt- og tómstundafulltrúa sagði hann m.a. „Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlegt sé að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð er í tillögunum. Ráðuneytið þarf nú að taka afstöðu til þeirra og síðan er nauðsynlegt að kynna þær fyrir þeim, sem starfa að þessum málum utan ráðuneytisins. Til dæmis er mikils virði að fá fram skoðanir ykkar, sem starfið að þessum málum á vettvangi sveitarfélaganna og fyrir hin frjálsu félagasamtök. Hið sama á við á þessu sviði og að því er íþróttamálin varðar, ríkið á ekki að skipta sér af fleiru en brýnasta nauðsyn krefst, með lögum á að setja ramma og skilgreina efnislegt inntak.“



Ljón, Bára

Myndin er tekin á árlegum fundi menntamálaráðuneytis með æskulýðs-, íþrótt- og tómstundafulltrúum ríkis- og sveitarfélaga sem haldinn var í byrjun nóvember sl.

boðum um tómstundastarf hefur fjölgað og fleiri standa að tómstundastarfi fyrir börn en áður hefur þekkt. Á sama tíma hafa réttindi barna hlotið aukna umfjöllun og lög verið sett um ýmis hagsmuna- og réttindamál barna. Íslendingar hafa ritað

Símenntun, skipun verkefnisstjórnar

Menntamálaráðherra mun á næstunni skipa 7 manna verkefnisstjórn til að fylgja eftir tillögum í skýrslu nefndar um símenntun sem kom út í júní sl. Leitað hefur verið eftir tilnefningum. Fyrst í stað skal verkefnisstjórnin:

1. Huga að leiðum til að vekja athygli á degi símenntunar og gera tillögu til ráðuneytisins um framkvæmdaatriði.
2. Kanna leiðir til að auka upplýsingagjöf um símenntun til almennings.
3. Kanna leiðir í samráði við skóla, sveitarfélög og atvinnulíf til að efla náms-

- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna.
4. Standa fyrir reglulegum samráðsfundum milli fræðsluaðila sem koma að símenntunarmálum.
5. Standa fyrir kynningarfundum og ráðstefnum um símenntunarmál með aðild þeirra ráðuneyta sem hafa þessi mál á sinni könnu.
6. Ræða við fulltrúa háskóla um sveigjanlegra háskólanám fyrir fullorðna.
7. Fylgja eftir tillögum um breyttar áherslur í starfi starfsmenntaráðs.
8. Leiða viðræður milli aðila vinnumark-

- aðarins um aukið samstarf þeirra á milli á sviði símenntunar á grundvelli tillagna í skýrslu nefndar um símenntun.
9. Leita leiða til að auka samráð og samstarf skóla og atvinnulífs um símenntun.
10. Fylgja eftir tillögum um annað tækifæri fullorðinna til náms.
11. Gera tillögur til ráðuneytisins um samræmd gæðaviðmið, megináherslur í símenntun svo og önnur verkefni á sviði símenntunar sem verkefnisstjórnin telur æskilegt að taka upp.

Pappírslaus kennsla



„Ný umhverfisstefna skólans byggir á nýju ákvæði í kjarasamningum við kennara frá júní 1997. Þar er skilgreint tiltekið vinnumagn undir stjórn skólameistara sem er nýmæli. Þetta ákvæði eflir skólann og starfsmenn í starfi sem er mjög jákvætt,“ segir Sigurður Sigursveinsson skólameistari í Fjölbrautaskóla Suðurlands um aðdraganda þess að skólinn hefur mótað stefnu í umhverfismálum.“

„Ég skilgreindi nokkur verkefni sem ég vildi að menn sinntu og eitt af þeim var mótun nýrrar umhverfisstefnu. Þó nokkrir reyndust hafa áhuga á þessu. Árni Erlingsson kennari í trésmíði hefur haft forystu fyrir hópnum sem vann að umhverfisstefnunni en hann hittist vikulega á vorönn. Hópurinn kynnti hugmyndir sínar á kennarafundi í lok vorannar og féllu þær í góðan jarðveg. Þær voru síðan lagðar fyrir skólanefnd í haust sem samþykkti þær. Umhverfisstefnan er því orðin hluti af stefnu skólans.“

List og lóð

„Hvað varðar framkvæmdina er þegar farið að vinna að tilteknum þáttum í stefnunni. Einn hópur er núna að vinna við stefnumörkun á þætti sem við köllum list og lóð en hann varðar m.a. listskreytingu innanhúss og utan.

Hugsunin er sú að það verði einhver sem ber ábyrgð á hverjum meginþætti starfseminnar og við sjáum fyrir okkur að tilteknir þættir verði til sérstakrar skoðunar á hverju ári. Ætlunin er að fólk finni sér verkefni sem það hefur gaman af að takast á við og umhverfisstefna er dæmi um að það sé gert með þeim hætti að það veki jákvæða athygli.“

Góður farvegur fyrir skólanámskrár

„Með því að taka inn svona vinnuþátt og lækka kennsluskylduna á móti eins og gert var er góður farvegur fyrir gerð skólanámskrár og þær nýju skyldur skóla að koma sér upp sjálfsmatskerfi. Þessi vinna væri vonlaus ef við hefðum ekki þetta svigrúm innan kjarasamnings.“

Pappírslaus kennsla

„Það er búið að velja skólann sem þróunarskóla í notkun upplýsingatækni og ég sé fyrir mér að það megi tengja þetta verkefni við - ekki pappírslaus viðskipti - heldur pappírslaus kennsla. Þetta er reyndar bara í mínu hugskoti ennþá en verður vonandi að veruleika.“

Byltingarkennt ákvæði

„Ég tel að ákvæðið í kjarasamningi kennara um að þeir vinni tiltekið

vinnumagn undir stjórn skólameistara sé mjög merkilegt og þarft og gefi bæði stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til þess að vinna betur að skólastarfi. Þetta er byltingarkennt og fyrsta ákvæðið í kjarasamningum liðinna ára sem raunverulega tekur á breytingum í skólastarfi.

Síðan eru aðrir meðal annars hér í skólanum mjög ósáttir við þessa leið og telja að stéttarfélagið hafi verið að gera nokkuð sem það hefði átt að láta ógert. Meginvandinn í mínum huga er sá að gerður er miðlægur samningur sem virðist gera ráð fyrir miðlægrri túlkun um ákvæði sem kveður á um vinnu á vettvangi undir stjórn skólameistara. Það er mjög bagalegt og útfærslan hefur lent í miklum ógöngum í sumum skólum þó að þetta sé í þokkalega góðum farvegi í mörgum skólum.“ segir Sigurður að lokum.

Áhersluþættir Íslendinga í norrænu menningarsamstarfi

Í starfsáætlun vegna formennsku Íslendinga í norrænu ráðherranefndinni árið 1999 eru settir fram eftirfarandi áhersluþættir fyrir samstarfið á sviði menningarmála:

1. Að fylgja eftir stefnumörkun ráðherranefndar menningarmála um norrænt menningarsamstarf við árbúsundamót.
2. Að stuðla að raunhæfri framkvæmd til-lagna um norræna málstefnu, m. a. með aðgerðum til að efla gagnkvæma kyn-

ingu barna- og unglingsbókmennta á Norðurlöndum.

3. Að hugað verði sérstaklega að stöðu jaðarsvæða og fámennra þjóðarsamfélaga í norrænu menningarsamstarfi.
4. Að bæta hagnýtar upplýsingar um norræna menningarsamvinnu og þá möguleika sem hún býður.
5. Að nýta nútímalega upplýsingatækni til að auka fjölbreytni samstarfsins og auðvelda

aðgang að menningarverðmætum. M.a. verði lögð áhersla á samvinnu um margmiðlunarverkefni og stuðning við framleiðslu á norrænu efni fyrir slíka miðlun.

6. Að tryggja öflugt framhald á starfi Norræna kvikmynda- og sjónvarpsjóðsins.
7. Að efla samstarf um norræna menningarkynningu utan Norðurlanda, m.a. í tengslum við þúsund ára minningu landa-funda norrænna manna í Vesturálfu.

Viðurkenning fyrir nýbreytnistarf í tungumálanámi

landi um European Label snemma árs 1999. Verður bæði unnt að sækja um viðurkenningu fyrir verkefni á sviði tungumálanáms og kennslu innan opinbera skólakerfisins og utan þess, s.s. í námsflokkum, málaskólum og hjá fræðslusamtökum. Gert er ráð fyrir að árlega geti 1-3 íslensk verkefni hlotið viðurkenningu.

Skipuð hefur verið innlend dómnafnd. Í henni eiga sæti: Jónunn Tómasdóttir formaður, tilnefnd af STÍL, Auður Hauksdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands, Auður Torfadóttir, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Guðmundur Viðar Karlsson, fulltrúi menntamálaráðuneytis. Auk ofangreindra starfar væntanlega einn erlendur dómnafndarfulltrúi með nefndinni þegar kemur að því að meta verkefni.

Menntamálaráðuneytið tekur nú þátt í samstarfi á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um European Label sem er viðurkenning fyrir nýbreytnistarf á sviði tungumálanáms. Evrópsku viðurkenningunni er ætlað að beina athygli að frumlegum og árangursríkum verkefnum í kennslu og námi erlendra tungumála og hvetja til þess að aðferðir sem þar er beitt nýtist sem flestum.

European Label verður árlega veitt takmörkuðum fjölda verkefna í hverju þátttökulandi. Sett er á fót innlend dómnafnd sem metur umsóknir og ákveður hvaða verkefni skuli hljóta viðurkenningu. Auglýst verður eftir umsóknum hér á



Menntamálaráðuneytið hefur falið Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins framkvæmd European Label hér á landi.

Úrskurðir og álitamál vegna skyldunáms

Menntamálaráðuneytinu hafa borist fjölmargar kærur, fyrirspurnir og beiðnir um úrskurði í vafamálum sem snerta skólalag og framkvæmd grunnskólalaganna. Miklar breytingar urðu á skólalaginu hér á landi með setningu laga um grunnskóla nr. 66/1995. Frá 1. ágúst 1996, þegar löggin komu að fullu til framkvæmda, fluttist ábyrgð á grunnskólalaginu alfarið frá ríki til sveitarfélaga og þau tóku t.d. við öllu mannahaldi í grunnskólum. Eðlilegt er að við svo umfangsmiklar breytingar komi upp álitamál og ágreiningsefni sem ekki er tekið af skarið um í lögum eða reglugerðum.

Í ágúst sl. gaf menntamálaráðuneytið út rit með safni úrskurða í álitamálum, sem ráðuneytið hefur fellt í álitamálum, sem snerta grunnskóla frá því að grunnskólalöggin komu að fullu til framkvæmda. Markmiðið með þessari útgáfu var að kynna úrskurði og afstöðu ráðuneytisins í álitamálum fyrir sveitarstjórnnum, skólaneftendum, skólaskrifstofum, foreldrum, kennurum, nemendum og öðrum sem skólalag varðar.

Einnig er hægt að finna úrskurðina á heimasíðu menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is



Starfstími í framhaldsskólum skólaárið 1997-1998

Menntamálaráðuneytið aflaði í fyrsta sinn upplýsinga frá framhaldsskólum um nýtingu árlegs starfstíma þeirra síðastliðið vor. Þessi upplýsingaöflun er í samræmi við aukna áherslu í lögum á eftirlit með skólastarfi.

Birting þessara upplýsinga hefur vakið nokkra athygli og umræður. Forvígismenn kennarasamtakanna hafa lagt áherslu á það í viðræðum við menntamálaráðherra, að vandað sé til skilgreininga og orðnotkunar. Ráðherrann telur eðlilegt að taka tillit til allra rökstuddra ábendinga um framsetningu, en ljóst sé, að birting þessara upplýsinga verði mikilvægur liður í eftirliti með skólastarfi.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en 9 mánuðir og þar af skulu kennsludagar eigi vera færri en 145 eins og kveðið er á um í 3. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Gildandi kjara-

samningar framhaldsskólakennara og fjármálaráðuneytis gera ráð fyrir 175 vinnudögum kennara á árlegum starfs-

Í niðurstöðum könnunar menntamálaráðuneytisins kemur m.a. fram að fjöldi reglulegra kennsludaga í fram-




Ljóm. Birtu

tíma skóla og auk þess 4 vinnudögum fyrir upphaf eða eftir lok skólaárs. Kjarasamningar binda lengd prófatíma við 6 vikur á skólaári að hámarki.

haldsskólum skólaárið 1997-1998 var á bilinu 128-149. Í tæpum 60% skólanna var fjöldi reglulegra kennsludaga 139-142. Einnig var kannaður fjöldi skertra kennsludaga. Þá daga sækja nemendur skóla en stundafjöldi skv. stundaskrá er skertur eða reglubundin kennsla fer ekki fram. Fjöldi skertra kennsludaga á skólaárinu var 0-9, en algengast var að skertir kennsludagar væru 4-6. Reglulegir prófdagar voru frá 12 til 31. Í um tveimur þriðju hluta skólanna var fjöldi reglulegra prófdaga 16-20. Fjöldi vinnudaga kennara á 9 mánaða starfstíma skóla var mestur 177 en minnstur 165. Algengast var að vinnudagar væru 174-175. Í könnuninni kom einnig fram að fjöldi vinnudaga kennara utan árlegs starfstíma framhaldsskóla var að meðaltali 3 fyrir upphaf haustannar og einn við lok vorannar.

Fjöldi reglulegra kennsludaga



Tekið á málefnum barna með lesblindu

Í nýrri skólastefnu menntamálaráðuneytisins er lögð áhersla á að sérþarfir nemenda séu metnar með öflugri greiningu, einkum við upphaf grunn-

Guðni Olgeirsson, tilnefndur af ráðherra og er hann jafnframt formaður Jónas G. Halldórsson, tilnefndur af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins



Ljóm. Bára

skóla. Sérstaklega er stefnt að því að taka á málefnum barna með lesblindu (dyslexíu), t.d. með lesskimun og greiningu við upphaf grunnskóla. Tilgangurinn er að meta líkur á námsörðugleikum þegar í upphafi skólagöngu og bregðast við áður en í óefni er komið. Í febrúar 1997 skipaði menntamálaráðuneytið vinnuhóp til að fjalla um les-hömlun í grunn- og framhaldsskólum. Hópurinn skilaði í október 1997 skýrslu sem ber heitið Sértek lesröskun.

Á fyrri hluta ársins 1998 var unnið úr tillögum hópsins og skipuð sérstök verkefnisstjórn sem fékk það hlutverk að gera tillögur um framkvæmd á lesskimun í grunn- og framhaldsskólum, þ.e. koma með tillögur um framkvæmd, stuðningsaðgerðir og gera kostnaðaráætlun. Að fengnum þessum tillögum hefur ráðuneytið stofnað framkvæmdanefnd til að þróa verkið áfram.

Framkvæmdanefndin er skipuð sem hér segir:

Fjöltnir Ásbjörnsson, tilnefndur af Íslenska dyslexíufélaginu

Júlíus K. Björnsson, tilnefndur af Rannsóknastofnun uppeldis og menntamála

Rannveig Lund, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands

Hlutverk framkvæmdanefndar er að þróa áfram lesskimun í grunn- og framhaldsskólum á grundvelli þeirra tillagna, sem fyrir liggja og þess fjárhagsramma sem verkefninu er ætlaður. Lögð verður áhersla á að tengja úrræði vegna lesskimunar öðrum verkefnum, sem eru á framkvæmdastigi, svo sem hugbúnaðargerð, námsefnisgerð, endurmenntun kennara, greiningu barna og samræmdri próftöku. Framkvæmdanefndinni er ætlað að taka afstöðu til einstakra framkvæmdaþátta og hvernig þeim verði best fylgt eftir og gæta þess að lesskimun almennt verði sinnt við framkvæmd nýrrar skólastefnu. Framkvæmdanefndin hefur þegar tekið til starfa og er skipuð til ársloka 2000.

Vakin er athygli á að skýrslan Sértek lesröskun er aðgengileg á vefsíðu menntamálaráðuneytisins, www.mrn.stjr.is

TUNGUMÁLAMIÐSTÖÐIN Í GRAZ

Íslendingum hefur gefist tækifæri til að sækja á annan tug tungumálanám-skeiða

Íslendingum gafst tækifæri til að sækja á annan tug námskeiða á vegum Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz á þessu ári. Hafa íslensku þátttakendurnir almennt lýst yfir ánægju með hve vel er að námskeiðunum staðið og faglega.

Tungumálamiðstöðin í Graz starfar á grundvelli sérstaks samkomulags sem tengir hana formlega Evrópuráðinu. Ísland gerðist eitt aðildarlanda þann 1. janúar 1998 en þau eru nú 24. Aðildarlöndin greiða rekstrargjöld, samkvæmt sérstökum reglum, en Austurríki leggur til húsnæði og aðra aðstöðu í Graz. Starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar felst einkum í námskeiðahaldi og útgáfu- og rannsóknastarfsemi á sviði tungumálanáms og kennslu. Árlega hefur tungumálamiðstöðin einnig staðið fyrir einni viðamikilli ráðstefnu. Aðildarlönd geta sent einn þátttakanda á hvert námskeið tungumálamiðstöðvarinnar sér að kostnaðarlausu. Einnig geta nokkur Mið- og Austur-Evrópuríki tíma-bundið tekið þátt í starfsemi án endurgjalds.

Menntamálaráðuneytið á fulltrúa í stjórnarnefnd Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz, en hefur falið Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins framkvæmd samstarfsins, svo sem kynningu og val þátttakenda á námskeiðin.

Úrskurðir um aga og brottrekstur úr grunnskóla

Menntamálaráðuneytið hefur í nýlegum stjórnýsluúrskurði fellt úr gildi ákvörðun skólastjóra í grunnskóla og skólanefndar um að vísa nemanda úr skóla í eina viku. Í umræddu máli hafði nemandi verið vísað úr skóla þar sem hann hafði náð tilteknum uppsöfnuðum fjölda punkta samkvæmt punktakerfi vegna brota gegn góðri hegðun og skólasókn, sem varðaði brottrekstri úr skóla í eina viku.



Ljósm. Bára

Í forsendum stjórnýsluúrskurðarins kemur fram að hið svokallaða punktakerfi, sem beitt var í grunnskóla við mat á hegðun nemenda og beitingu agaviðurlaga, fái hvorki staðist ákvæði grunnskólalaga né stjórnýslulaga. Í nokkrum fyrri úrskurðum menntamálaráðuneytis og álitu umboðsmanns Alþingis hefur komið skýrt fram að ákvörðun um að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn skóladag teljist ákvörðun um réttindi og skyldur, sem falli undir 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 og því beri að fara með slík mál í samræmi við ákvæði stjórnýslulaga.

Brottvikning úr skóla fái einstaklingsbundna meðferð

Þegar litið er til ákvæða stjórnýslulaga, sérstaklega um and-

mælarétt og rökstuðning sem og 41. gr. laga um grunnskóla og reglugerðar um skólareglur og aga í grunnskólum, er ljóst að ákvæði punktakerfis grunnskólans um brottvikningu úr skóla í eina viku, þegar nemandi hefur fengið 20 punkta, fái ekki staðist. Punktakerfið er eins konar sjálfvirkir kerfi, sem ekki getur átt við, þegar um er að ræða ákvörðun agaviðurlaga, sem falla undir ákvæði stjórnýslulaga. Hegðunarvandamál af því tagi, þ.e. sem varðað geta brottvikningu úr skóla, eiga að fá einstaklingsbundna meðferð að mati menntamálaráðuneytisins.

Meginstefna grunnskólalaga er sú að leitað skuli orsaka verulegra hegðunarvandamála hjá nemanda og reyna að ráða bót á þeim með samvinnu skólayfirvalda, nemandans sjálfs, forráðamanna hans og sérfróðra ráðgjafa. Er gert ráð fyrir því að tilraunir séu gerðar til þess að leysa agavandamál innan skólans og að slíkt geti tekið allt að einni viku áður en gripið

er til annarra aðgerða en þá skal málinu vísað til meðferðar skólanefndar. Brottvísun úr skóla jafnvel tímabundið er neyðarúrræði, sem heimilt er en ekki skylt að grípa til samkvæmt mati skólastjóra. Verður að telja að slíka ákvörðun beri að taka að undangengnu sjálfstæðu mati á öllum aðstæðum og viðræðum við þá sem málið varðar.

Reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum er í endurskoðun í menntamálaráðuneytinu. Við endurskoðunina verður höfð hliðsjón af vinnu starfshóps sem er að fjalla um skólareglur og aga í grunnskólum. Í starfshópnum eru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólalagaráðgjafi Íslands, Heimili og skóla og umboðsmaður barna.

Ábyrgð í íþrótt- og tómstundastarfi

Með breyttum þjóðfélagsháttum hefur tími til félags-, íþrótt- og tómstundastarfsemi aukist og þátttakendum fjölgað mjög en það á einkum við um starf með börnum og unglingum.

Fjöldi félaga og félagasamtaka heldur úti umfangsmikilli og fjölbættri starfsemi og að undanfögnu hafa farið fram umræður víða um ábyrgð og öryggismál í félags- og tómstundastarfi.

Í júlí sl. gerðu menntamálaráðuneytið, Slysavarnarfélag Íslands, ÍSÍ, UMFÍ, Landssamband KFUM/K, Æskulýðsráð ríkisins, Íþróttanefnd ríkisins og Bandalag íslenskra skáta samning við Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., um að hann legði fram lögfræðilegt álit á ábyrgð og öryggismálum í félags- og tómstundastarfi með börnum og unglingum. Lagði hann fram álitserð sína á fundi með æskulýðs-, íþrótt- og tómstunda-fulltrúum 5. nóv. sl.

Samtök þau sem hér um ræðir hafa fengið álitserðina og geta nú stuðst við lögfræðilegar skýringar á ábyrgð, réttindum og skyldum sínum í starfi með börnum og unglingum. Þær verða án efa vel til þess fallnar að stuðla að vönduðum og ábyrgum vinnubrögðum við þessa starfsemi og auka öryggi. Það mun einnig verða til þess að stuðla að því að þau samtök, sem hér um ræðir, munu síður dragast inn í viðkvæm málaferli á hendur þeim sem fyrir félags- og tómstundastarfi standa, vegna slysa eða mistaka.



Ljóm. Bárta

S A M N I N G A R V I Ð A K U R E Y R A R A R B Æ

Samstarf eft á sviði safnamála

Á grundvelli rammasamnings um menningarmál við Akureyri frá árinu 1996 hafa verið undirritaðir tveir samningar, annars vegar á milli Listasafns Íslands og Listasafnsins á Akureyri og hins vegar á milli Minjasafnsins á Akureyri og þjóðminjaráðs.

Með samstarfssamningi milli Listasafns Íslands og Listasafns Akureyrar verða tengsl og samskipti milli safnanna meiri en áður hefur verið og Listasafn Íslands fær kærkomið tækifæri til að efla starfsemi safnsins á landsbyggðinni. Í samningnum er kveðið á um skammtímalán á listaverkum og sýningarsamstarf þar sem möguleiki opnast á að hafa gagnkvæm skipti á heilum sýningum og efna til sameiginlegra sýninga sem settar yrðu upp á báðum stöðum. Þá er gert ráð

fyrir að á samningstímanum eflist samstarf á sviði safna-, tækni- og fræðslumála með upplýsingamiðlun og ráðgjöf. Er stefnt að því að Listasafnið á Akureyri fái aðgang að gagnasafni Listasafns Íslands með tölvutengingu og njóti aðstoðar við uppsetningu eigin gagnasafns. Samstarfssamningurinn gildir til ársloka árið 2000.

Samningur milli Minjasafnsins á Akureyri og Þjóðminjaráðs felur í sér að Minjasafnið mun sjá um minjavörslu í Eyjafirði samkvæmt sérstöku erindisbréfi. Minjasafnið mun í samráði við minjastjóra þjóðminjasafns Íslands hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Samningurinn gildir til ársloka 1999.



Ljóm. Bárta

Ráðstefna um stjórnun menningarstofnana

Austurríkismenn héldu í sumar ráðstefnu um stjórnun menningarstofnana en þeir eru nú í forsæti Evrópusambandsins. Tilgangur ráðstefnunnar var að ræða hvernig gera megi umbætur í menningarstjórnsýslu og menningarstofnunum og hvernig skapa megi frekari möguleika til menntunar fyrir starfsfólk á sviði menningar, m.a. í ljósi umræðu um stækkun Evrópusambandsins.

Fulltrúi menntamálaráðuneytisins á ráðstefnunni var Ása Richardsdóttir. Hún fjallaði um niðurstöður ráðstefnu

unnar á fundi sem ráðuneytið boðaði til í septembermánuði með forstöðumönnum menningarstofnana. Í skýrslu sem Ása hefur ritað um ráðstefnuna veltir hún fyrir sér stöðu Íslands í þessu samhengi. Hún telur mikilvægt að þróa þá vinnu sem ráðuneytið hefur þegar hafið með gerð samstarfssamninga við listastofnanir m.a. með það í huga að bæta vinnuáferðir, skilvirkni og skipulag. Tryggja þurfi eftirlit með framkvæmd slíkra samninga og slíkt mat verði að vera í höndum hlutlausra aðila. Hún veltir einnig fyrir sér hvernig tryggja

meði faglega umræðu þegar umsóknir um fjármagn til listastarfsemi eru metnar og hvort hagsmunatengsl fólks komi ekki oft í veg fyrir að slík umræða sé í raun fagleg. Einnig þurfi að efla upplýsingaflæði og samstarf milli stofnana, ráðuneytis og listamanna og annarra sem að menningu og listum koma, t.d. í formi starfsmannaskipta. Þá bendir hún á nauðsyn þess að menningarstofnanir nýti sér möguleika upplýsingatækninnar. Síðast en ekki síst lýsir Ása þeirri skoðun sinni að efla þurfi endurmenntun þeirra sem starfa að menningarmálum hvort sem er í ráðuneytum, menningarstofnunum eða annars staðar, sem og listamanna sjálfra, hérlandis sem erlendis. Skýrslu Ásu í heild er hægt að nálgast á heimasíðu ráðuneytisins www.mrn.stjr.is.

Viðurkenningar veittar á degi íslenskrar tungu

Ríkisstjórnin samþykkti fyrir þremur árum tillögu menntamálaráðherra um að 16. nóvember ár hvert, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, verði dagur íslenskrar tungu. Í tengslum við daginn hefur menntamálaráðuneytið beitt sér fyrir átaki í þágu móðurmálsins til að auka veg þess og var hann haldinn hátíðlegur í þriðja sinn í ár.

Inntak dagsins í ár tók mið af tvenns konar áherslum. Í fyrsta lagi var athygli beint að upplestrarkeppni grunnskólanna er hleypt var af stokkunum í tilefni dagsins og þátttöku skólabarna í degi íslenskrar tungu sem að þessu sinni bar upp á skóladag í fyrsta skipti. Af því tilefni voru öllum skólastofnunum landsins send bréf til að minna á daginn og veggspjald. Þá endurútgaf menntamálaráðuneytið rit um málþroska barna sem sent var til allra leikskóla landsins í tilefni dagsins. Í annan stað tók dagurinn að þessu sinni mið af tengslum íslenskrar tungu og fjölmiðla. Í tengslum við þá áherslu gekkst Íslensk málnefnd m.a. fyrir sérstöku

málræktarþingi laugardaginn 14. nóvember um málfar og fjölmiðla í samvinnu við útvarpsréttarnefnd og framhaldsskólanemar völdu besta þáttagerðarmanninn, undir stjórn Ingibjargar Frímansdóttur stundakennara við Kennaraháskóla Íslands.

Líkt og áður stóð menntamálaráðuneytið fyrir samkomu sem að þessu sinni var haldin í Hafnarborg í Hafnarfirði. Við það tækifæri veitti menntamálaráðherra Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu að viðstöddu fjölmenni. Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar hlaut Þórarinn Eldjárn. Hlaut verðlaunahafinn 500 þúsund krónur og Ritsafn Jónasar Hallgrímssonar í hátíðarbandi en Menningarsjóður Íslandsbanka hf. lagði til verðlaunin. Að auki fengu Blaðamannafélag Íslands og Félag íslenskra leikskólakennara sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu íslenskrar tungu.

Í framkvæmdastjórn dagsins, sem menntamálaráðherra skipar, eiga sæti þau Kristján Árnason prófessor, formaður Ís-

lenskrar málnefndar, Vilborg Dagbjartsdóttir kennari, Ólafur Oddsson menntaskólakennari, Sigmundur Ernir Rúnarson fréttamaður og Þorgeir Ólafsson deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar. Verkefnisstjóri dags íslenskrar tungu er Jónmundur Guðmarsson.



Tónlist fyrir alla

Tónlist fyrir alla, samstarfsverkefni sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis með stuðningi Norðmanna, efnir til tónleikahalds í grunnskólum landsins og fyrir almenning. Tónlist fyrir alla hefur eflst á því 7 ára tímabili sem verkefnið hefur verið í gangi og á þessu ári njóta þrír af hverjum fjórum grunnskólanemendum á landinu tónlistarheimsóknna á vegum þess. Nú á haustönn fluttu 19 tónlistarmenn um 24.000 börnum nýu mismunandi dagskrár, á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi, í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Á vegum verkefnisins fóru fram 358 skólatónleikar á árinu 1998 og 30 opinberir tónleikar auk tónleika Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands fyrir nemendur og almenning undir merkjum



Tónlistar fyrir alla. Vonir standa til að umfang starfseminnar fari vaxandi á næstu árum og nái þá einnig til nemenda og almennings á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.

U P P L Ý S I N G A M I Ð S T Ö Ð M Y N D L I S T A R

Listamannatal og myndverkabanki

Í nýjum gagnagrunni Upplýsingamiðstöðvar myndlistar má fá upplýsingar um 250 íslenska myndlistarmenn og fjölpættar upplýsingar um hvaðeina er viðkemur myndlist hér heima og erlendis. Í honum er Listamannatal,

myndverkabanki og upplýsingar fyrir listamenn. Allur grunnurinn er leitarhæfur og hefur að geyma gríðarlegt magn upplýsinga. Hann er opinn öllum myndlistarmönnum sem vilja skrá sig og gefst þeim kostur á því að skila inn 6 myndum eftir sig til birtingar ásamt upplýsingum um menntun og feril.

Björn Bjarnason menntamálaráðherra opnaði hinn nýja gagnagrunn í nóvember sl. Fór opnunin fram í Kvikmyndaveri Íslands nýju kvikmyndaveri Íslensku kvikmyndasamsteypunnar og Loftkastalans og var sérstök myndlistarsýning sett upp í tilefni af opnuninni og gafst gestum kostur á að kynna sér gagnagrunninn af eigin raun í sérstöku tölvuveri sem sett var upp í tengslum við myndlistarsýninguna.

Upplýsingamiðstöð myndlistar er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra myndlistarmanna og Myndstefs og var til þess stofnað með sérstökum samningi árið



Björn Bjarnason menntamálaráðherra að opna nýjan gagnagrunn Upplýsingamiðstöðvar myndlistar

1995. Megináherslan í starfi Upplýsingamiðstöðvarinnar fólst í því að hanna og skipuleggja gagnagrunn um íslenska myndlist sem aðgengilegur er öllum á Internetinu. Margmiðlun ehf. hefur séð um tæknilega ráðgjöf og útfærslu hugmynda Upplýsingamiðstöðvarinnar. Slóðin er www.umm.is.

Með gagnagrunni Upplýsingamiðstöðvar myndlistar hefur verið stigið stórt skref í þá átt að færa myndlist inn í hið nýja alþjóðlega upplýsingasamfélag og jafnframt að tryggja aðgang almennings og annarra aðila og stofnana greiðan aðgang að hvers konar myndlistarefni.

Forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar myndlistar er Hrafnhildur Þorgeirsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, en í stjórn verkefnisins sitja þau Þórunn J. Hafstein skrifstofustjóri, formaður, Knútur Bruun hrl. og Vignir Jóhannsson myndlistarmaður.

Tímamót í Þjóðminjavörslu og starfi Þjóðminjasafns

Fjölgað hefur til muna sérmenntuðu fólki í fornleifafraeði og öðrum greinum sem lúta að rannsókn og varðveislu menningararfsins og það hefur látið að sér kveða í verkefnum á fræðasviðum sínum. Dæmi um slíkt er að hópur ungra fræðimanna setti á stofn sjálfseignarstofnuna Fornleifastofnun Íslands sem gerst hefur umsvifamikil í fornleifarannsókn-

Núgildandi þjóðminjalög eru að stofni til tæplega áratugar gömul og hefur verið breytt nokkuð á þeim tíma, m.a. 1994 og 1997. Ekki er þó fráleitt að ætla, að innan tíðar þyki ástæða til að taka lögjöfina til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna á sviði þjóðminjavörslu. Meðal álitafna sem þær vekja eru t.d. tengsl þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns. Sam-

stjóri, fara með daglega stjórn hlutaðeigandi sviðs og mynda framkvæmdaráð sem er þjóðminjaverði til ráðuneytis. Safnstjóri er jafnframt staðgengill þjóðminjavarðar. Heimilt er að ráða verkefnastjóra til sérstakra verkefna og er í reglugerðinni sérstaklega gert ráð fyrir slíkri tilhögun að því er varðar miðlunar- og markaðsmál annars vegar og skráningu og upplýsingavinnslu hins vegar. Þá er og heimildarákvæði um að koma megi á fót við Þjóðminjasafnið sérstakri rannsóknarstofnun með sjálfstæðan fjárhag, enda hafi menntamálaráðherra staðfest starfsreglur hennar. Reglugerðin kveður á um skiptingu landsins í sjö minjasvæði sem fyrr, en mörkum svæðanna er breytt í tveimur landshlutum. Ákvæðum um byggðasöfn er breytt nokkuð, m.a. í því skyni að marka skýrar þann stjórnsýsluferil sem fylgja þarf ef safn vill leita eftir viðurkenningu Þjóðminjasafns og sækja um ríkisstyrk til starfsemi sinnar. Sett eru ítarlegri ákvæði en áður voru um fornleifaskráningu. Er m.a. kveðið á um að fornleifadeild Þjóðminjasafns skuli kosta kapps um samvinnu við aðra aðila, er fást við fornleifaskráningu, leitast við að koma á samhæfingu skráningar og skapa eftir föngum aðgengi að fornleifaskrárm fyrir almenning, m.a. með tilstilli netsambands við gagnabanka. Mælt er fyrir um að fornleifaskráning skuli gerð undir stjórn fornleifafraeðings.

Um þessar mundir eru nokkur tímamót í málefnum Þjóðminjasafns Íslands. Tekin hefur verið ákvörðun um umbætur á húsnæðisaðstöðu safnsins til fram-búðar og gengið frá samningi við Háskóla Íslands sem tryggir forsendur þeirra. Engar sýningar eru í safnbyggingunni meðan unnið verður að breytingum á húsinu. Safnið hefur flutt vinnustöð sína í bráðabirgðahúsnæði í Garðabæ en ráðgert er að endurskipulögð sýningarstarfsemi hefjist í safnhúsinu við nýjar og betri aðstæður sumarið 2000.



Ljós. Bétra

um og fornleifaskráningu. Á sviði minjaverndar hefur hvort tveggja orðið, að byggðasöfnum hefur vaxið fiskur um hrygg og stofnað hefur verið til ýmissa sérhæfðra safna sem sinna afmörkuðum þáttum atvinnu- og menningarsögu, sum raunar í skipulagstengslum við Þjóðminjasafn Íslands. Jafnframt gætir breyttra viðhorfa gagnvart því starfi sem beinist að könnun og varðveislu menningarminja, athyglin hefur beinst að gagnýtri þýðingu þess fyrir atvinnulíf í einstökum byggðarlögum, m.a. ferðabjónustu. Fornleifarannsóknir eru að hasla sér völl sem atvinnugrein með ærin verkefni fyrir höndum, m.a. vegna lagasetningar sem kveður á um að fornleifaskráning skuli fara fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess.

kvæmt þeirri skipan sem nú er í gildi vinnur þjóðminjaráð að stefnumörkun fyrir þjóðminjavörsluna í heild og er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafnsins. Eftir því sem verkefni á sviði þjóðminjavörslunnar dreifast á fleiri hendur kann að reynast örðugra að sameina þessi hlutverk.

Ný reglugerð var gefin út 4. júní 1998 (rg. nr. 334/1998).

Samkvæmt hinni nýju reglugerð fer meginstarfsemi Þjóðminjasafns Íslands fram á vettvangi þriggja sviða er nefnast safnsvið, útminjasvið og fjármálasvið. Undir þau heyrast einstakar deildir og aðrar smærri starfseiningar safnsins. Þjóðminjavörður hefur sem forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands eftirlit með starfsemi allra sviðanna, en sviðsstjórnarnir þeir, þ.e. safnstjóri, minjastjóri og fjármála-

Nýr rammi um útvarpsstarfsemi

Frumvarp til nýrra útvarpslaga miðar að því að mynda almennan lagaramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði útvarp og sjónvarp. Sá kaffi núgildandi útvarpslaga sem fjallar um Ríkisútvarpið heldur gildi sínu uns sett hafa verið sérlög um Ríkisútvarpið. Almenn ákvæði nýrra útvarpslaga ná hins vegar til Ríkisútvarpsins nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Frumvarpið tekur mið af nýrri tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarpsmál, en ætlast er til að fyrirmæli hennar komi til framkvæmda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eigi síðar en 30. desember 1998. Þótt tilskipunin taki aðeins til sjónvarps er í frumvarpinu miðað við, að sömu reglur gildi um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem við getur átt.

Nýmæli í frumvarpinu sem rekja má til tilskipunar Evrópusambandsins eru meðal annars:

- Sett eru skýr ákvæði um til hvaða sjónvarpssendinga íslensk lögsaga nær. Lögsögureglur tilskipunar ESB byggjast á tveimur grundvallarsjónarmiðum:

- a. Frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis EES til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja.

- b. Sjónvarpssendingar eru heimilar um allt EES svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins.

- Það nýmæli sem hvað mesta athygli hefur vakið er heimild fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skuli út í dagskrá er meginhluti almennings hefur aðgang að, þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Í reynd mun heimild þessi, a.m.k. að sinni, fyrst og fremst geta átt við meiriháttar íþróttaviðburði, innlenda og fjöldjóðlega, svo sem landskeppni, Ólympíuleika, heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu og handknattleik. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til þess að setja reglugerð um þetta efni.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram, að gert er ráð fyrir því að sjónvarpsstöð uppfylli það skilyrði, að hún nái til meginhluta þjóðarinnar, ef hin tiltekna útsending nær til a.m.k. 90% allra landsmanna. Gerir þetta að verkum, að allar þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins uppfylla þetta skilyrði, ef útsendingar þeirra eru opnar. Íslenska ríkinu er ekki skylt samkvæmt tilskipuninni að nýta þessa heimild en rétt þykir að tryggður sé í lögum möguleikinn á að gera það vegna mikils áhuga hér á landi á sjónvarpsefni frá meiriháttar íþróttaviðburðum.

- Í beinum tengslum við þetta er það ákvæði frumvarpsins sem gerir íslenskum sjónvarpsstöðvum skylt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan EES hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt, að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum.

- Tekin er upp regla þess efnis, að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir

því sem unnt er, sjá til þess, að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópska verka, þ.á.m. íslenskra verka, sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

- Reglur um auglýsingar og kostun eru gerðar nokkru skýrari en verið hefur.

- Tekin eru upp ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni, sem eiga að styrkja gildandi íslensk lög um það efni, sem og um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum, og er þeim ákvæðum ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga.

Af öðrum nýmælum í frumvarpinu má nefna:

- Menntamálaráðherra er heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp, er nú hafið í nágrannalöndunum eða er u.þ.b. að hefjast. Hin stafræna tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú er, og er þannig m.a. meginforsenda þess, að fleiri aðilar eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni, sérstaklega í sjónvarpi, auk víðtækari nota af tíðnisviðinu. Þar sem öll nýting VHF-tíðnisviðsins er nú í raun og veru aðeins í höndum tveggja aðila, Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins hf., komast fleiri aðilar þar ekki að. Auk betri nýtingar á tíðnisviðinu fylgir sá kostur stafrænu útvarpi, að gæði útsendinga aukast til mikilla muna auk fjölmargra annarra kosta, svo sem að skapa möguleika á þáttasölu-sjónvarpi (pay-per-view) og kvikmyndapöntun (video on demand). Hin stafræna tækni er forsenda hins svokallaða samruna (convergence) sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án landamæra. Gera verður ráð fyrir, að innleiðing stafrænnar tækni taki allmörg ár og hafi í för með sér verulegan stofnkostnað.

- Ákvæðin um leyfi til útvarps eru gerð fyllri en í núgildandi lögum. Eru tekin upp í frumvarpið ýmis ákvæði um þetta efni, sem verið hafa í reglugerð, en réttara þykir að mæla fyrir um í lögum.

- Hlutverk útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Nefndin skal sem fyrir fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt en einnig hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þ.á.m. eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu (einnig Ríkisútvarpsins).

- Tekið er upp ákvæði sem tryggir útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Meðal annars er ætlunin að tryggja útvarpsstöðvum aðgang að breiðbandi Landssímans.

- Ekki er lengur gert ráð fyrir, að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar rásum fyrir endurvarp.

- Lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Sjóðurinn hefur verið umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans, sem í raun hefur falist í því að færa fé á milli útvarpsstöðva.

Nýr forstöðumaður Örnefnastofnunar



Svavar Sigmundsson hefur verið skipaður forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands til fimm ára frá 1. nóvember 1998. Hann lauk cand. mag prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og hefur að

undanförnu verið dósent í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands. Meðal helstu verka Svavars er Íslensk samheitaorðabók, sem kom út fyrst árið 1985. Einnig hefur hann skrifað fjölda greina og rita á sviði nafnfræða.

Gréta Ingbórsdóttir ráðin útgáfustjóri aðalnámskrár



Gréta Ingbórsdóttir hefur verið verkefnaráðin til að gefa út og kynna aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Gréta er með BA próf í þýsku frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað á Morgunblaðinu

með hléum frá árinu 1985 og fram á þetta ár, síðustu árin sem blaðamaður á innlendra fréttadeild.

Jónmundur Guðmarsson ráðinn aðstoðarmaður ráðherra



Jónmundur Guðmarsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Tekur hann við af Ásdísi Höllu Bragadóttur sem fer í barnseignarleyfi. Jónmundur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík

árið 1988, BA prófi í heimspeki og stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og meistaragráðu (M.Phil.) í alþjóðastjórnmálum frá Oxford háskóla árið 1994. Jónmundur hefur starfað í menntamálaráðuneytinu frá 1995 og gegnt starfi verkefnisstjóra við endurskoðun aðalnámskráa og mótun nýrrar skólustefnu.

Aðalsteinn Eiríksson ráðinn í ráðgjafarstarf



Menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa sameiginlega ráðið Aðalsteinn Eiríksson skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík til ráðgjafarstarfs um tveggja ára skeið frá og með 1. október. Aðalsteinn

hefur starfsaðstöðu í menntamálaráðuneytinu.

Starf þetta verður á vettvangi árangursstjórnunar, reiknilkans, rekstraráætlana, kjarasamninga og annars þess er varðar fjárhagshlið skólasamninga framhaldsskólanna. Unnið verður að því að finna faglegu umbótastarfi, sjálfsmati og árangri í innra starfi farveg til fjárlagagerðarinnar.

Aðalsteinn lauk fyrri hluta prófi í guðfræði við HÍ 1963, BA í sögu og landafræði frá HÍ 1971 ásamt sumarnámi í kennslu- og uppeldisfræðum.

Hann hefur verið skólameistari í Kvennaskólanum í Reykjavík frá 1982.

Nýtt þjóðminjaráð

Menntamálaráðherra skipaði hinn 3. nóvember 1998 þjóðminjaráð til næstu fjögurra ára, sbr. 2. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum. Ráðið er þannig skipað:

Gunnar Jóhann Birgisson hrl. formaður, skipaður af ráðherra, varaformaður Hjördís Ásberg löggiltur endurskoðandi.

Ólafur Ragnarsson sveitarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varamaður Jónína A. Sanders bæjarfulltrúi.

Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri, tilnefnd af Félagi íslenskra safnmanna, varamaður Hanna Rósa Sveinsdóttir safnvörður.

Dr. Guðrún Nordal, tilnefnd af Háskóla Íslands, varamaður Gunnar Karlsson prófessor.

Guðmundur Jón Guðmundsson kennari, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi, varamaður Ragnar Sigurðsson kennari.

Átak í námsefnisgerð og endurmenntun

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir að allt að 62 milljónum króna verði varið til að auðvelda og flýta fyrir framkvæmd nýrrar skólastefnu, m.a. með átaki í námsefnisgerð og endurmenntun.

Pegar menntamálaráðherra kynnti nýja skólastefnu í byrjun árs, lagði hann áherslu á að fylgja yrði nýjum áherslum og breytingum í grunnskólunum eftir með átaki í námsefnisgerð og endurmenntun kennara.

Sérstakt átak í námsefnisgerð

Ný skólastefna og útfærsla hennar í markmiðum og fyrirmælum nýrrar aðalnámskrár kallar á endurmat á námsefni grunn- og framhaldsskóla.

Námshagnastofnun hefur það hlutverk samkvæmt lögum að sjá nemendum á grunnskólastigi fyrir námsgögnum sem standast kröfur aðalnámskrár.

Pegar útgáfuáætlun Námsgagnastofnunar fyrir næsta ár liggur fyrir, verður ákveðið til hvaða forgangsverkefna á sviði námsefnisgerðar ráðuneytið mun verja því fé sem væntanlega verður til ráðstöfunar í fjárlögum umfram það sem Námsgagnastofnun

er ætlað. Kemur þá til álita að bjóða út námsefnisverkefni á afmörkuðum námssviðum sem þurfa að njóta forgangs.

Tvöföldun á endurmenntunarfé grunnskólakennara

Nýjar námsgreinar í grunnskólum eins og lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt, verulegar breytingar á námskrá eins og það að enska verður fyrsta erlenda málið og umtalsverðar breytingar á skipulagi og innihaldi námsgreina eins og t.d. náttúrufræði, kalla á upplýsingu og endurmenntun kennara.

Menntamálaráðherra hefur einnig beitt sér fyrir fjárveitingum á þessu sviði umfram það sem veitt er á fjárlögum til Kennaraháskóla Íslands. Menntamálaráðherra hefur ákveðið að þetta fé skuli renna í endurmenntunarsjóð grunnskólakennara og verða reglur um úthlutun úr sjóðnum og forgangsverkefni birtar fljótlega. Ætlunin er að samþykking kennara og samband sveitarfélaga eigi aðild að sjóðstjórn.

Með stofnun endurmenntunarsjóðs verða fjárframlög ríkisins til endurmenntunar grunnskólakennara um það bil tvöfölduð og jafnframt gefst mun fleiri aðilum en hingað til tækifæri til að bjóða fram endurmenntun handa grunnskólakennurum.

N Ý A Ð A L N Á M S K R Á L E I K S K Ó L A

Leiðarljós starfsfólks leikskóla um uppeldi og menntun

Vinna við nýja aðalnámskrá leikskóla er nú á lokastigi. Aðalnámskránni er ætlað að vera starfsfólki leikskóla leiðarljós um uppeldi og menntun og grundvöllur sérstakra starfsáætlana sem hver leikskóli setur sér.

Leikskólalög skilgreina leikskólann sem fyrsta skólastigið og undirstrika með því hversu mikilvægt starf fer fram í leikskólum. Um leið er dregið fram mikilvægi þess að á leikskólum starfi fólk með trausta menntun sem er fært um að taka þátt í uppeldi og menntun sívaxandi



Ljóna. Bára

fjölda leikskólabarna. Menntun leikskólakennara er nú öll á háskólastigi og fellur undir Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Í nýrri aðalnámskrá leikskóla verður áfram lögð mikil áhersla á gildi leiksins en einnig er lögð áhersla á lífsleikni sem m.a. felst í því að skapa börnum þroskavænlegt umhverfi sem hjálpar þeim við að öðlast margvíslega reynslu og þjálfast í samskiptum við aðra.

Skilgreind verða helstu námssvið leikskóla en þau verða: heilsa og hreyfing, mál og málörvun, myndsköpun og myndmál, tónlist, hljóð og hrynjandi, náttúran og umhverfið, menning og samfélag. Sérstök áhersla verður lögð á að skapa samfellu milli leikskóla og grunnskóla og samstarfi heimila og leikskóla verða gerð ítarlegri skil en áður.

Gert er ráð fyrir að ný aðalnámskrá leikskóla komi út snemma á næsta ári og leysi núgildandi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla af hólmi frá og með næsta hausti.